



ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.

Stakkanesi 1 - Pósthólf 220  
400 Ísafjörður - www.ov.is

Sími: 450 3211  
Fax: 456 3204

Kt: 660877-0299  
Vsk.nr: 9522  
Banki: 0156-26-640

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/534*  
*komudagur 7. 12. 2004*

Ísafirði 3. desember 2004

**Umsögn Orkubús Vestfjarða hf. um frumvarp til laga  
um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, 328 mál.**

Af hálfu Orkubús Vestfjarða eru gerðar eftirtaldar athugasemdir við þetta frumvarp.

**2. gr c.**

“ Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan dreifiveitusvæðisins. “

Óskað er eftir að greinin orðist svo:

**Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan þess hluta dreifiveitusvæðisins sem er tengdur flutningskerfinu.**

Þessi ósk er sett fram vegna þess að tveir hlutar dreifikerfis OV, Ísafjarðardjúp og Flatey á Breiðafirði, tengjast ekki flutningskerfinu. OV þarf því að sjá um og bera kostnað af þeim þáttum sem flutningskerfið annars sæi um væru þessi kerfi tengd því. Orka sem er framleidd og notuð á þessum svæðum getur því ekki myndað gjaldstofn fyrir flutningskerfið.

**5. gr.**

Óskað er eftir að við greinina bætist svofelld málsgrein:

**Raforkusölum er þó ávallt heimilt að krefjast gjalds fyrir raforkuna sem nemur sannanlegum orkuöflunarkostnaði.**

Þessi viðbót gerir raforkusölum kleyft að innheimta raunkostnað fyrir raforkuna og kemur í veg fyrir að þeir séu skyldaðir til að selja hana undir kostnaðarverði.

Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða/hf.

Kristján Haraldsson  
orkubústjóri